

Aukum orðaforða- eflum ritun

Skref fyrir skref

Ritun

- ▶ Páll **fór** niður götuna og hitti Gunna **og svo fór** hann aftur upp götuna **og svo** sá hann aðra vini sem hann byrjaði að tala við....
- ▶ Tökum eitt atriði og skoðum hvernig við getum unnið með það
- ▶ Skoðum hvernig hægt er að breyta örlitlu atriði til að gera textann meira lifandi

Páll för niður götuna.

Páll arkaði niður götuna

Páll rauk niður götuna

Páll strunsaði niður götuna

Páll skokkaði niður götuna

Páll valhoppaði niður götuna

Páll þaut niður götuna

Páll ruddist niður götuna

Páll læddist niður götuna

Páll stikaði niður götuna

Páll drattaðist niður götuna

Páll stormaði niður götuna

Páll æddi niður götuna

Páll gækk niður götuna

Páll labbaði niður götuna
hægum skrefum

Páll labbaði ánægður á svip
niður götuna

Páll hljóp hratt niður



Ritun

- ▶ Þegar búið er að breyta þessu atriði má kíkja á næsta
- ▶ Og svo...
- ▶ Hvað má nota í staðinn? Því næst, þar á eftir, þá, síðan,...
- ▶ Eða gera punkt og byrja nýja setningu

Ritun

- ▶ Það þarf að kenna nemendum að útvíkka og gera setningar áhrifaríkari- setja kjöt á beinin
- ▶ Við stóðum úti í tuttugu mínútur
Lýsingarorði bætt við
- ▶ Við stóðum úti í tuttugu **ömurlegar** mínútur
Hvenær
- ▶ **Í morgun** stóðum við úti í tuttugu ömurlegar mínútur
Hvar
- ▶ Í morgun stóðum við úti **á gangstéttinni fyrir framan skólann** í tuttugu ömurlegar mínútur



Ritun

Hvernig

- ▶ Í morgun stóðum við **hríðskjálfandi** úti á **snævi þakinni** gangstéttinni fyrir framan skólann í tuttugu ömurlegar mínútur

Hvers vegna

- ▶ Í morgun stóðum við hríðskjálfandi úti á snævi þakinni gangstéttinni fyrir framan skólann í tuttugu ömurlegar mínútur **á meðan slökkviliðið kannaði orsakir brunaútkallsins**



Nú skuluð þið prófa:

► Hún sótti bílinn

Lýsingarorði bætt við

Hvenær

Hvar

Hvernig

Hvers vegna



Ritun

- ▶ Aukum gildi málsgreinar:
- ▶ **Hver?** Fallegi fiskurinn minn
- ▶ Er/var að gera **hvað?** Fallegi fiskurinn minn synti um í fiskabúrinu sínu
- ▶ **Hvenær?** Fallegi fiskurinn minn synti allan daginn um í fiskabúrinu sínu
- ▶ **Hvar?** Fallegi fiskurinn minn synti allan daginn um í fiskabúrinu sínu í herberginu mínu
- ▶ **Af hverju?** Fallegi fiskurinn minn synti allan daginn um í fiskabúrinu sínu í herberginu mínu af því hann var hamingjusamur

- ▶ Hér er hægt að miða við getu og sumir bæta við hvað og hvenær meðan aðrir taka allt eins og í regnbogaritun má miða við að sumir dragi ekki alla spaðana (kannski bara aðalpersónu, aukapersónu og atburð).

